



## Forstöðumannaskýrslur, mars 2020

### Salbjörg Engilbertsdóttir **skrifstofustjóri**

#### *mars*

##### **Verkefni í undirbúningi:**

- Færsla bókhalds í mars 2020
- Vsk skil jan og feb 2019
- Bókhald og skráningar v. virðisaukaskatts Hornsteina frá mars.
- Skýrslusendingar til forstöðumanna

##### **Verkefni í vinnslu:**

- Launavinnsla í DK. Innleiðing á nýju launakerfi langt komin, er enn í vinnslu
- Jafnlaunavottun Strandabyggðar, langt komin. Bíð eftir næstu skrefum
- Ársuppgjör 2019. Sent til KPMG 27.mars
- Ársuppgjör Sorpsamlags sent í febrúar
- One system vinna og skráningar
- Sumarorlofsskráningar
- Samantekt á umsóknum sumarstarfsmanna.

**Verkefnum lokið:** Mörg venjubundin verkefni, skil á skýrslum og uppgjörum ýmiskonar. Launamiðaskil og þh.

### **Félagsheimili**

#### **Mars**

Venjuleg notkun eru frístundir, kennsla í heimilisfræði, Ozon, Fjósið, félagsstarf aldraðra. Frumsýning Leikfélagsins á Stelli í orlofi var 6. mars. Strandagangan var haldin 7.mars og var 250 manna kaffiveisla haldin þann dag í félagsheimilinu og 2. sýning á Stelli um kvöldið. Halda átti Góufagnað 14. mars en henni var aflýst vegna ástandsins í Þjóðfélaginu og Covid 19. Þann 16. mars skall á samkomubann og því engir viðburðir í húsinu út mánuðinn. Ákveðið var að hafa salernin opin til að dreifa álagi v. þeirra sem eru á ferðinni og fara starfsmenn og sóttthreinsa þar 3svar á dag.

##### **Verkefni í vinnslu:**

- Undirbúningur endurbóta en setja á gólfefni í félagsstarf aldraðra og setja léttan vegg og læsa aðstöðu Félagsmiðstöðvar í kjallara.



STRANDABYGGÐ

SÖL ER SKÝJA SEJÓLDUR OG SKÍPVAÐI RÖÐULL OG ÍS ALDÁRTREGI

Starfsstöð: **Byggingafulltrúi**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Grettir Örn Ásmundsson

Tímabil: Mars

**Verkefni í undirbúningi:**

- Uppmæling Sýslumannshús í vor
- Uppmæling Kópnesbraut 17 19 21 í vor
- Uppmæling undir kirkjugarði í vor

**Verkefni í vinnslu:**

- Gönguleið frá Borgarbraut til Vitavegar
- Eignaskiptayfirlýsing Broddanes
- Miðtún, mögulegt verkefni hjá íbúðalánasjóði.
- Orkubú – Hásp.skúr, búa til lóðaruppdrátt og gera lóðarleigusamn.
- Höfðagata – Laga skráningu.
- Einingahús / iðnaðarhús á tanganum.
- Söluferli Skólabraut – er í ferli
- Lækjartún, nýbygging – er í ferli
- Viti á Vitabraut – skrá hann á Strandabyggð – er í ferli

**Verkefnum lokið:**

- Uppfærð skráning á Leikskóla
- Stofnun lóðar á Broddanesi
- Fasteignagjöld á Hafnarbraut
- Stofnun lóðar í Bitrufirði
- Heiðarbær lóð - lausn úr landbúnaðarnotum

**Annað:**

- Byggingargátt – Samningur milli HMS og sveitarfélaga
- Skanna inn teikningar fyrir öll sveitarfélög og koma þeim í möppur.



Starfsstöð: **Tómstundafulltrúi**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir

Tímabil: **Mars**

## 1. Verkefni í undirbúningi:

- Skólalping á Hólmavík og **nafnasamkeppni á nýjan sameinaðan skóla**. Finna þarf nafn á nýjan sameinaðan skóla ( Beðið eftir svári frá skólastjóra varðandi hátíð og framlengingu á nafnasamkeppni)
- **Hamingjudagar** (ASS)
- **Menningardvöl**, auglýsing og móttaka umsókna (ASS)
- **Sumarnámskeið**, samstarf við náttúrubarnaskólann e.h í júní ( ASS)

## 2. Verkefni í vinnslu:

- **Hamingjudagar**, viðburðir og leiktækja athugun. (ASS)
- **Vinnuskólinn**, auglýsingar í vinnuskólann, umsjónarmaður með vinnuskóla

## 3. Verkefnum lokið:

- **Upplýsingaöflun** fyrir Strandagöngu og auglýsing á vef (ASS)
- **Skipting á opnunum í félagsmiðstöðinni Ozon**. Miðdeild og unglिंगadeild verða með sér opnanir. Ekki komin reynsla vegna lokunar út af Covid-19.
- **Samfestingurinn og Söngkeppni Samfés**, verður haldin 20. og 21.mars í Reykjavík. Fjöldi nemenda í ferð, bíll, bílstjóri, afþreying, gisting o.fl. (ASS) Ekki komin dagsetning vegna Covid-19.
- **Karlahlaupið 8.mars kl. 11**. hlaupið verður frá íþróttamiðstöðinni. Auglýsing og sala á sokkum í samvinnu við starfsfólk íþróttamiðstöðvar. **Ath! Hlaupið var haldið og er mögulega eina hlaupið sem var haldið á landinu áður en Covid – 19 leiddi til samkomubanns.**
- **Afleysinga í Ozon** vegna fjarveru 17.-21.mars. (ASS) Þurfti ekki þar sem ferð forstöðumanns var aflýst og lokað var í félagsmiðstöð vegna Covid-19.

## 4. Annað:

- Öll verkefni tómstundafulltrúa eru með það í huga að Covid-19 gæti mögulega komið í veg fyrir þessi verkefni t.d. sumarnámskeið, vinnuskóli, hamingjudagar ofl.



## Íþróttamiðstöð og Tjaldsvæði

Hrafnhildur Skúladóttir

### Verkefni í undirbúningi:

- Epoxy viðgerð á sturtu- og búningsklefum. Komið tilboð.

### Verkefni í vinnslu:

- Yfirfara CO2 lagnir
- Endurbætur í Íþróttamiðstöð sem starfsfólk getur sinnt vegna Covid lokunar.
  - Skápar í fataklefum. Laga ryðskemmdir og lakka.
  - Gamlar skemmdir í áhaldageymslu, afgreiðslu, á gangi, í Flosabóli, á gufugangi, í tækjarými og í klefum. Sparsla, pússa og mála.
  - Farið yfir ofna. Lofttæmdir og þrifnir.
- Súperþrif á öllu
- Bóna Flosaból
- Klára umsamdar lagnaviðgerðir í kjallara
- Vinna úr sumarumsóknum

### Verkefnum lokið:

- Aukaopnun í kringum Strandagöngu skilaði 274 komum og 498.700 kr í innkomu.
- Laugarvarðarnámskeið í byrjun mars. 8 þátttakendur héðan, frá Reykhólum og Drangnesi. Gekk mjög vel þrátt fyrir bylinn.
- Gasleki II. Viðvörðun. Ekki hægt að lofta út þó allar hurðir væru opnaðar og hávaðarok. CO2 er of þungt til þess. Tók ca 30 mín að blása því út með blásara. Pantaði CO2 skynjara og lekaspray.
- Úrvinnsla úr sumarkönnun er á síðustu metrunum. Helst er eftirtektarvert að sundlaugin og pottarnir skora hæst bæði hjá íslenskum og erlendum ferðamönnum, sem áhugaverðasti staðurinn á Hólumavík. Ég hefði haldið að það væri Galdrasafnið. Að öllum líkindum lítar staðsetning könnunarinnar eitthvað niðurstöðurnar og væri áhugavert að gera samanburð en 16 % Íslendinga völdu sundlaug af 16 nefndum atriðum en 6 % Galdrasafnið. 55 % erlendra ferðamanna völdu sundlaugina á móti 4 % Galdrasafn.
- Vatnsleki frá varmaskipti við aðallaug hefur verið lagaður sem og leki við aðra sandsíu laugar.
- Vörur tengdar brunavörnum sem pantaðar voru eru komnar. Að auki þarf að panta ný exit ljós því þau eru ónýtt. Ekki er hægt að skipta um perur í þeim.



- Auglýst hefur verið eftir sumarstarfsfólki og bárust þó nokkrar umsóknir, ekki ætti að vera erfitt að manna sumarið.
- Súperþrif á sal. Fannst ýmislegt áhugavert uppi á bitum og niður í raufum ☺

## Félagsmálastjóri, mars 2020 - Guðrún Elín Benónýsdóttir

Marsmánuður var nokkuð óvenjulegur þar sem heimsfaraldur covid-19 setti sitt mark á starfsemi félagsþjónustu og störf félagsmálastjóra. Um miðjan mánuð fóru ýmsir venjubundnir fundir að falla niður en aðrir haldnir oftast og í gegnum fjarfundabúnað, einnig hefur félagsmálastjóri unnið að mestu heima.

Félagsstarf aldraðra var fellt niður í samræmi við tilmæli í tengslum við sóttvarnir en aðrir þættir félagsþjónustunnar héldust að mestu óbreyttir, þó með þeirri breytingu að um miðjan mánuð var áhersla lögð á að viðtöl væru í gegnum síma.

### Helstu verkefni

Starfsmannahald hefur fengið mikinn tíma.

- Í byrjun mánaðar var yfirvofandi verkfall hjá FosVest og voru fengnar undanþágur fyrir starfsmenn sem voru að sinna þjónustu sem ekki mátti rofna.
- Auglýst var eftir starfsfólki í sumarstörf, bæði til að leysa af vegna sumarleyfa og eins til að sinna störfum við þjónustu sem er bundin við sumarið.
- Skipulaging á starfseminni í sumar.
- Heimsfaraldur Covid-19 hefur fengið sinn tíma og unnið að viðbragðsáætlun í samstarfi við velferðarnefnd og sveitarstjóra.